

Reglugerðirnar gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000.

Reglugerðirnar fjalla að hluta til um barnabætur, réttindi úr lífeyrissjóðum og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, nr. 307/1999 og nr. 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95–129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 847/2001.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga, nr. 12/1997, um atvinnuleysis-tryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna við Háskóla Íslands.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru rammi um framgangskerfi á grundvelli 38. gr. til 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Markmið framgangskerfis Háskóla Íslands er að hvetja akademíska starfsmenn til virkni og árangurs í starfi og auka þannig gæði kennslu og rannsóknna innan Háskóla Íslands. Framgangur byggir á faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknnum, kennslu og stjórnun í þágu Háskóla Íslands.

2. gr.

Framgangur kennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Lektor, dósent, sérfræðingur eða fræðimaður getur óskað eftir framgangi í starfi. Rektor getur, án auglýsingar, flutt lektor í dósentstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

3. gr.

Umsóknir og meðferð þeirra.

Umsækjandi leggur fram umsókn hjá viðkomandi deild. Deildarforseti, eða nefnd í umboði deildar, metur beiðnir um framgang kennara og sérfræðinga. Þar sem talað er um

deildir/deildarforseta í reglum þessum er eftir því sem við á jafnframt átt við stofnanir/forstöðumenn.

Deildarforseti sendir rektor umsókn ásamt greinargerð deildar. Í greinargerð skal taka afstöðu til þess hvort rannsóknavirkni, kennslustörf, stjórnunarstörf og önnur sambærileg störf í þágu Háskólans nægi að mati deildar til þess að dómnefnd sé skipuð. Ef þurfa þykir getur deildarforseti óskað eftir upplýsingum um mat á fyrri störfum umsækjanda frá stjórnýslu Háskólans.

Umsókn um framgang skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til umsókna um laus störf samkvæmt 2. mgr. 37. gr. reglna Háskólans.

Rektor er heimilt að fela nefnd, sem í eiga sæti formenn kennslumálanefndar og vísindanefndar, ásamt einum fulltrúa sem rektor velur, að meta hvort umsækjandi hafi sinnt starfsskyldum sínum með þeim hætti að til greina komi að skipa dómnefnd.

Teljist umsókn uppfylla öll framangreind skilyrði skipar rektor þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjanda til að flytjast milli starfa og skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefndum eftir því sem kostur er. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Um hæfi dómnefndarmanna, málsmeðferð og störf dómnefnda gilda ákvæði III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 um dómnefndir.

Senda skal umsækjanda og viðkomandi deildarforseta tilkynningu um það hverjir skipaðir hafa verið í dómnefnd.

Ef fyrir liggur innan við tveggja ára gamalt dómnefndarálit um umsækjanda er rektor heimilt að ákveða hvort þörf sé á að skipa nýja dómnefnd vegna umsóknar um framgang. Skal álit deildar liggja fyrir áður en rektor tekur ákvörðun.

Mat dómnefndar á störfum umsækjanda skal fara eftir 43. gr. reglna Háskólans og reglum deilda ef við á, sbr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands, sem staðfestar hafa verið af háskólaráði.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal deild taka það til meðferðar í samræmi við reglur hvernar deildar. Skal deild senda tillögu til rektors um hvort veita beri umbeðinn framgang m.a. á grundvelli fyrirliggjandi dómnefndarálits. Ef það er niðurstaða deildar að ekki sé rétt að veita umbeðinn framgang ber henni að rökstyðja þá niðurstöðu sína.

4. gr.

Lágmarksstig fyrir hvern starfshátt kennara.

1. Miðað er við hefðbundna skiptingu starfshátta milli rannsókna, kennslu og stjórnunar. Stigin í töflu 1 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og Háskóla Íslands. Að jafnaði skal hluta stiga vegna kennslu vera aflað með leiðbeiningu í meistara- eða doktorsnámi, með útgáfu kennslurita eða -bóka, eða með öðrum hætti í samræmi við 5. mgr. 43. gr. reglna Háskólans.

Dómnefnd getur við sérstakar aðstæður gert meiri eða minni kröfur ef hún telur ástæðu til. Víki mat dómnefndar verulega frá lágmarksstigum fyrir hvern starfshátt kennara eða sérfræðinga, sem fram koma í reglum þessum, þarf hún að rökstyðja það enda um frávik frá meginreglu að ræða.

Mat á störfum við framgang skal, auk reglna þessara, byggja á 43. gr. reglna Háskóla Íslands. Dómnefndum ber að gera meiri kröfur til umsókna um framgang í starf prófessors en umsókna í önnur störf. Umsækjendur um framgang í prófessorsstarf skulu vera virkir í rannsóknum og hafa sýnt verulega hæfni og frumkvæði í vísindastörfum, sbr. reglur um mat á einstökum starfsháttum. Jafnframt skulu þeir hafa náð góðum árangri í kennslu og hafa verið virkir í stjórnun innan Háskólans.

Tafla 1
Lágmarksstig fyrir hvern starfspátt kennara.

	<i>Rannsóknir</i>	<i>Kennsla</i>	<i>Stjórnun, þjónusta, annað</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Alls</i>
Lektor	30	-	-	0	30
Dósent	130	20	-	50	200
Prófessor	270	50	-	80	400

2. Lágmarksstig fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Stigin í töflu 2 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og Háskóla Íslands.

Tafla 2
Lágmarksstig fyrir hvern starfspátt sérfræðinga og fræðimanna.

	<i>Rannsóknir</i>	<i>Kennsla</i>	<i>Stjórnun, þjónusta, annað</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Alls</i>
Sérfræðingur	30	-	-	0	30
Fræðimaður	150	-	-	50	200
Vísindamaður	320	-	-	80	400

Dómnefnd er heimilt að nota kennslustig sérfræðings eða fræðimanns til lækkunar rannsóknastiga, lækkunin getur þó aldrei orðið meiri en 20 stig við framgang í fræðimann og 50 stig við framgang í vísindamann, sbr. töflu 1.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Reglur þessar öðlast þegar gildi og úr gildi fellur 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 31. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.